

# 11.02.2025 - Sveitarstjórn Húnabyggðar

49. fundur

11. febrúar 2025 kl. 16:00 - 17:28

í fundarsal að Hnjúkabyggð 33

## Nefndarmenn

Guðmundur Haukur Jakobsson forseti

Grimur Rúnar Lárusson 1. varaforseti

Ragnildur Haraldsdóttir aðalmaður

Ásdís Ýr Arnardóttir varamaður

*Aðalmaður: Zophonías Ari Lárusson*

Birgir Þór Haraldsson aðalmaður

Auðunn Steinn Sigurðsson aðalmaður

Elín Aradóttir aðalmaður

Jón Gíslason aðalmaður

Sverrir Þór Sverrisson aðalmaður

## Starfsmenn

Pétur Arason sveitarstjóri

Magnús Sigurjónsson embættismaður

**Fundargerð ritaði:** Magnús Sigurjónsson

## Dagskrá

Í upphafi fundar óskaði Jón Gíslason að taka til máls og óskaði eftir dagskrártillögu:

Ég óska eftir að tekin verði á dagskrá fundarinnar kosning í stjórn Húnaborgar hses þar sem tilnefning byggðarráðs í stjórn hennar samræmist ekki verkefnum byggðarráðs eins og þó er bókað í 2.lið fundargerðar 94.fundar byggðarráðs.

En skylt er samkvæmt 10.grein samþykktar Húnabyggðar að setja á dagsskrá sveitarstjórnarfundar allar kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarstjórnar.

Samþykkt með 8 atkvæðum og 1 sat hjá (RH) og verður liður 5 í dagskrá.

# 1. Byggðarráð Húnabyggðar - 93

2501011F

Fundargerð 93. fundar Byggðarráðs Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 49. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Liður 6 þarfnast sérstakrar afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum samhljóða.

## 1.1 2501037 Byggðakvóti

### **Byggðarráð Húnabyggðar - 93**

*Samkvæmt bréfi frá Matvælaráðuneytinu dags. 22. janúar 2025 er Húnabyggð úthlutað byggðarkvóta á fiskveiðiarinu 2024/2025 og eftirstöðvar á úthlutun fyrra árs sem kemur til ráðstöðvunar á yfirstandandi fiskveiðiarí samtals 19,153 tonn.*

*Byggðarráð mótmælir harðlega þeirri skerðingu á byggðarkvóta sem orðið hefur á undanförunum árum í sveitarfélaginu og í nágrannasveitarfélögunum. Byggðarráð felur sveitarstjóra að koma mótmælum Húnabyggðar á framfæri til ráðuneytisins og ráðherra málaflokksins.*

*Byggðarráð felur sveitarstjóra að útbúa sérreglur er varðar byggðarkvóta.*

## 1.2 2501038 Lokun félaga í eigu sveitarfélagsins

### **Byggðarráð Húnabyggðar - 93**

*Fyrir fundinum lá staðfesting á lokun fjögurra félaga í eigu Húnabyggðar sem nú hefur formlega verið lokað.*

*Félögin eru: Áshreppur, Húnavallaskóli, Mötuneyti Húnavallskóla og Brunavarnir A-Hún*

## 1.3 2501039 Karлакór Bólstaðarhlíðarhrepps 100 ára

### **Byggðarráð Húnabyggðar - 93**

*Byggðarráð ákveður að veita Karлакór Bólstaðarhlíðarhrepps afmælisgjöf að upphæð 100.000kr. vegna 100 ára afmæli kórsins á árinu. Kórin mun halda nokkra viðburði á árinu af þessu tilefni og afmælistaffi verður í Húnaveri á sumardaginn fyrsta.*

## 1.4 2501042 Úthlutun stofnframlaga vegna íbúðakjarna

### **Byggðarráð Húnabyggðar - 93**

*Byggðarráð felur sveitarstjóra að fá frekari upplýsingar frá HMS um skilgreininigu stofnframlagsins vegna fyrirhugaðan íbúðakjarna við Sunnubraut.*

## 1.5 2501040 Samningur Húnabyggðar og Farskólans á Norðurlandi vestra

### **Byggðarráð Húnabyggðar - 93**

*Lagt fram til kynningar.*

1.6 2501043 Kynningarfundur Vegagerðarinnar vegna endurhönnunar á leiðarkerfi landsbyggðarstrætó

**Byggðarráð Húnabyggðar - 93**

*Byggðarráð mótmælir þeim hugmyndum sem Vegagerðin leggur fram og vísar þar m.a. í athugasemdir Einars Einarssonar oddvita Skagafjarðar, Halldórs Ólafssonar oddvita Skagastrandar og Katrínar Guðjónsdóttur framkvæmdastjóra SSNV af kynningarfundu Vegagerðarinnar þar sem fækkun ferða um eina á dag var mótmælt. Þau mótmæltu jafnframt því að fyrirhuguð sérleið milli Hvammstanga, Blönduóss og Sauðárkróks yrði ekki að veruleika. Byggðarráð vill benda á að þessi fækkun kemur m.a. í veg fyrir að framhaldsskólanemar geti nýtt ferðir strætó til þess að komast úr og í skóla um helgar. Byggðarráð felur sveitarstjóra að koma þessum mótmælum Húnabyggðar formlega á framfæri.*

**Bókun fundar**

Sveitarstjórn tekur undir mótmæli byggðarráðs vegna áforma Vegagerðarinnar um að fækka ferðum á Norðulandi vestra úr tveimur í eina á dag og að ekki verði hugað að sérleið milli Hvammstanga, Blönduós og Sauðárkróks.

1.7 2501044 Fundargerð 117. fundur stjórnar SSNV

**Byggðarráð Húnabyggðar - 93**

*Lagt fram til kynningar.*

1.8 2501045 Fundargerð 78. fundur stjórnar sveitarfélaga á köldum svæðum

**Byggðarráð Húnabyggðar - 93**

*Lagt fram til kynningar.*

1.9 2501041 Upplýsingar um verkfall KÍ og um Undanþágunefnd

**Byggðarráð Húnabyggðar - 93**

*Lagt fram til kynningar*

1.10 2303003 Minnisblað sveitarstjóra

**Byggðarráð Húnabyggðar - 93**

*Munnleg skýrsla sveitarstjóra*

**Bókun fundar**

EA lagði fram eftirfarandi tillögu:

Lagt er til að dagskrárliðurinn „staða verkefna“ verði fastur liður á sveitarstjórnarfundum. Tilgangur þessa er að auka upplýsingaflæði til sveitarstjórnar um rekstur og þau málefni sem eru efst á baugi hverju sinni í starfsemi sveitarfélagsins.

Samþykkt með sjö atkvæðum, tveir sátu hjá (GHJ,GRL)

1.11 2501046 Undanþágulisti vegna verkfalla

**Byggðarráð Húnabyggðar - 93**

*Byggðarráð samþykkir framlagðan undanþágulista Húnabyggðar vegna verkfalla.*

**2. Atvinnu- og menningarnefnd Húnabyggðar - 18**

2501010F

Fundargerð 18. fundar Atvinnu- og menningarnefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 49. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum samhljóða.

2.1 2501033 Prjónagleði

**Atvinnu- og menningarnefnd Húnabyggðar - 18**

*Undirbúningur er komin af stað en ákveðið var að að færa viðburðinn fram um eina helgi vegna Hvítasunnuhelgarinnar. Eftir umræður um þetta var ákveðið að framvegis verði Prjónagleðin alltaf fyrstu helgina í júní óháð því hvort að það hitti á Hvítasunnuhelgi eða ekki. Opnun heimasíðu er í undirbúningi og verður hún opnuð á næstu vikum og þar verður haldið utan um allar skráningar o.fl. Prjónagleðin hefur fest sig í sessi sem einn stærsti og skemmtilegasti viðburður ársins og árið í ár verður engin undanteking.*

2.2 2501034 100 ára afmæli Skáksambands Íslands

**Atvinnu- og menningarnefnd Húnabyggðar - 18**

*Skáksamband Íslands hefur ákveðið að halda 100 ára afmæli sambandsins á Blönduósi en sambandið var stofnaði í gamla spítalanum í gamla bænum 23. júní 1925. Viðburðurinn verður mjög stór og mun ná yfir tæpar tvær vikur eða frá 12. júní til 22. júní. Teflt verður út um allan bæ og ýmiskonar viðburðir verða haldnir sem tengjast skák og sögu taflmennskunar á Íslandi. Stórmeistaramót verður haldið og mögulega minni mót sem allir geta tekið þátt í. Mikið verður um að vera á meðan að þessi hátíðarhöld standa yfir og reikna má með að töluverður fjöldi fólks muni heimsækja okkur af þessu tilefni. Undirbúningur og hugmyndavinna hefur staðið yfir í meira en eitt ár en nú eru hjólin farin að snúast hraðar enda stutt í afmælið. Skáksambandið mun koma í heimsókn í næstu viku og mun m.a. ræða við grunnskólann um aðkomu barnanna að viðburðinum.*

2.3 2501035 Húnavaka

**Atvinnu- og menningarnefnd Húnabyggðar - 18**

Húnavakan í fyrra var frábærlega heppnuð og ætlunin er að fylgja því eftir og gera meira af því sama í bland við nýja hluti. Reiknað er með að torfæra verði haldin á Blönduósi um þessa helgi. Skemmtilegheitin byrja á miðvikudeginum og standa yfir fram á sunnudag.

2.4 2501036 Vatnsdæla

**Atvinnu- og menningarnefnd Húnabyggðar - 18**

Ákveðið var að skoða vel skipulag og utanumhald viðburðarins en stefna að því að halda viðburðinn aftur í ár og setja m.a. sérstakan fókus á hlaupaviðburðinn. Þá var ákveðið að leggja til við byggðarráð að í tengslum við viðburðinn verði formleg opnun Þristapasvæðisins. Einnig var rætt um að endurhugsa nafn viðburðarins.

2.5 2206034 Önnur mál

**Atvinnu- og menningarnefnd Húnabyggðar - 18**

Nýr verkefnastjóri, Heiðveig María Einarsdóttir, hefur tekið til starfa fyrir Húnabyggð og mun hún halda utan um flesta viðburði Húnabyggðar þetta árið í samstarfi við það fólk sem hefur séð um þá síðustu ár.

### 3. Byggðarráð Húnabyggðar - 94

2502001F

Fundargerð 94. fundar Byggðarráðs Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 49. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Liðir 3,4 og 8 þarfnast sérstakrar afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum samhljóða.

3.1 2502001 Beiðni LNV um fjölgun stöðugilda

**Byggðarráð Húnabyggðar - 94**

Byggðarráð tekur undir erindi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra (LNV) til Dómsmálaráðuneytisins þar sem farið er fram á að tvö fullfjármögnuð stöðugildi rannsóknar-lögreglumanna til uppbyggingar á rannsóknardeild vegna kynferðisbrota, manndrápa og tilrauna til slíkra brota. Byggðaráð felur sveitarstjóra að senda erindi á ráðuneytið þar sem tekið eru undir óskir LNV.

3.2 2502002 Samþykktir Húnaborgar og tilnefning stjórnar

**Byggðarráð Húnabyggðar - 94**

Byggðarráð samþykkir framlagðar samþykktir Húnaborgar hses og tilnefnir sem aðalmenn í stjórn; Zophonías Ara Lárusson, Auðunn Stein Sigurðsson og Ragnhildi Haraldsdóttur. Jafnframt tilnefnir byggðarráð

**Bókun fundar**

Vísað er til dagskrárliðar 5 í fundargerð sveitarstjórnar.

3.3 2502003 Stjórnarfundur Húnanets 30.01.2025

**Byggðarráð Húnabyggðar - 94**

*Byggðarráð staðfestir framlagða gjaldskrá Húnanets fyrir árið 2025 og samþykkir hana með öllum greiddum atkvæðum.*

**Bókun fundar**

Sveitarstjórn staðfestir framlagða gjaldskrá Húnanets fyrir árið 2025 með öllum greiddum atkvæðum.

3.4 2502004 Samningur um leigu á Húnavöllum

**Byggðarráð Húnabyggðar - 94**

*Byggðarráð staðfestir framlagðan samning um leigu á Húnavöllum og felur sveitarstjóra að staðfesta samninginn.*

**Bókun fundar**

EA óskaði eftir því að gera grein fyrir atkvæði sínu um samning um leigu á Húnavöllum.

Bókun um ráðstöfun eigna og rekstur í húsnæði sveitarfélagsins á Húnavöllum

Undirrituð kýs að sitja hjá við afgreiðslu samnings um leigu á Húnavöllum. Þó svo að vissulega sé jákvætt að loks hilli undir að starfsemi hefjist í húsnæði sveitarfélagsins, þá hefur vinnubrögðum við ráðstöfun húsnæðisins verið ábótavant. Sá samningur, sem hér er tekin til afgreiðslu, hefur verið til umfjöllunar síðan á haustdögum og viðkomandi samningsaðila verið gefinn kostur á ítarlegu samtali um útfærslu samningsins. Þann 27. janúar barst sveitarstjórn erindi frá íbúum í Húnabyggð, þ.e. frá Liyu Yirgu Behaga og Guðjóni Ebba Guðjónssyni (sjá 8. lið 94. fundargerðar byggðarráðs). Í erindi Liyu og Ebba var óskað eftir samtali um útfærslu kaupleigusamnings og framtíðarsýn fyrir rekstur á Húnavöllum. Erindið var stílað á sveitarstjórn, en sveitarstjórn hefur ekki fengið tækifæri til að ræða erindið fyrr en í dag. Viðkomandi aðilum var ekki gefið formlega færi á viðræðum við sveitarstjórn um frekari útfærslu leigu og/eða möguleg kaup, né um upphæðir eða önnur samningsatriði. Undirritaðri finnst leitt að heimafólki skuli ekki hafa verið gefinn kostur á samtali um frekari útfærslu, sérstaklega þar sem viðkomandi aðilar eiga áralanga farsæla rekstrarreynslu í skyldri starfsemi í héraði. Sú samningsútfærsla sem hér er til samþykktar verður að teljast bráðabirgðalausn og felur ekki í sér öflugna framtíðarsýn um uppbyggingu á staðnum til lengri tíma. Afar mikilvægt er að áfram verði hugað að

fram tíðarnýtingu Húnavalla með öflugan rekstur og uppbyggingu í huga.

ASS óskaði eftir fundarhléi 16:58

Fundurinn hélt áfram 17:11

Meirihluti sveitarstjórnar vill koma eftirfarandi á framfæri vegna bókunar Elínar Aradóttur um ráðstöfun eigna og rekstur í húsnæði sveitarfélagsins á Húnavöllum:

Á 46. fundi sveitarstjórnar þann 10. desember 2024 staðfestu allir fulltrúar sveitarstjórnar 85. fundargerð byggðarráðs frá 28. nóvember 2024 en þar kom fram í lið 8.6 að byggðaráð samþykkti að fela sveitarstjóra að vinna áfram að samtali við þann leigutaka sem nú er verið að semja við. Bókun Elínar er því í ósamræmi við það sem hún samþykkti sjálf á framangreindum fundi. Þá ber þess að geta að L&E ehf. var gefið tækifæri á því að koma með leigutilboð í eignina sem þau gerðu en drógu það síðar til baka. Ekkert í þeim samningi sem nú liggur fyrir sveitarstjórn gefur til kynna að um algjöra bráðabirgðalausn sé að ræða. Þá ber að geta þess að eignin er ennþá auglýst til sölu og sveitarfélagið er opið til viðræðna um kaup á eigninni.

Sveitarstjórn staðfestir framlagaðan samning um leigu á Húnavöllum með 8 atkvæðum en 1 sat hjá (EA)

- 3.5 2502005 Fundargerð 33. fundar fagraðs um málefni fatlaðs fólks  
**Byggðarráð Húnabyggðar - 94**  
*Lagt fram til kynningar*
- 3.6 2502006 Fundargerð 469. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands  
**Byggðarráð Húnabyggðar - 94**  
*Lagt fram til kynningar*
- 3.7 2502007 Fundargerðir 961. og 962. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga  
**Byggðarráð Húnabyggðar - 94**  
*Lagt fram til kynningar*
- 3.8 2502008 Erindi frá L&E ehf.  
**Byggðarráð Húnabyggðar - 94**  
*Lagt var fram erindi frá L&E um kaupleigutilboð í eignir sveitarfélagsins á Húnavöllum. Byggðaráð hafnar erindinu enda hafi eignin verið auglýst til sölu og/eða leigu en aðrir fjármögnunarmöguleikar ekki verið tilgreindir í*

auglýsingum sveitarfélagsins og þeirra fasteignasala sem hafa verið með eignirnar á sölu í u.þ.b. tvö ár.

#### **Bókun fundar**

Þar sem eignir sveitarfélagsins hafa verið í söluferli hjá fasteignasölum í um tvö ár og síðan um mitt síðasta ár einnig verið auglýstar til leigu er sveitarfélaginu ekki fært að gera samning við aðila um aðkomu að eignunum á annan hátt en auglýst hefur verið. Til þess að það sé mögulegt þarf sveitarfélagið opinberlega að auglýsa slíkt og tryggja þannig aðgengi allra. Að gera það ekki gæti bakað sveitarfélaginu bótakröfu frá þeim aðilum sem ekki fá slíkt tækifæri. Sveitarstjórn telur hag sveitarfélagsins best borgið með því að selja eignirnar og leigja þær út tímabundið á meðan sala eignanna klárast. EA sat hjá við afgreiðslu þessa liðar.

## **4. Skipulags- og samgöngunefnd Húnabyggðar - 32**

2501012F

Fundargerð 32. fundar Skipulags- og samgöngunefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 49. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Liður 2 þarfnast sérstakrar afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum samhljóða.

### 4.1 2501032 Byggingaráform Ægisbraut 9

#### **Skipulags- og samgöngunefnd Húnabyggðar - 32**

*Lagt fram til kynningar. Skipulags- og samgöngunefnd felur byggingarfulltrúa að afla frekari gagna.*

### 4.2 2402037 Ósk um breytingu á aðalskipulagi vegna fimm efnistökusvæða

#### **Skipulags- og samgöngunefnd Húnabyggðar - 32**

*Skipulags- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að auglýsa tillöguna í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar.*

#### **Bókun fundar**

Sveitarstjórn samþykkir að fela að skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa tillögu að breytingu aðalskipulags Húnavatshrepps í samræmi við 1. málsgrein 31. greinar skipulagslaga 123/2010 að undangenginni athugun Skipulagsstofnunnar.

### 4.3 2407026 Umsókn um byggingarheimild að Húnabraut 5



## **Skipulags- og samgöngunefnd Húnabyggðar - 32**

*Skipulags- og samgöngunefnd leggur til að gögnin verði grenndarkynnt fyrir eftirtöldum nágrönnum.*

*Húnabraut 3 og 7.*

### 4.4 2501047 Færanleg kennslustofa við leikskólann Hólabraut 17

#### **Skipulags- og samgöngunefnd Húnabyggðar - 32**

*Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir umsóknina með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir eigendum að Heiðarbraut 1,2 og 4.*

### 4.5 2501013F Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 15

#### **Skipulags- og samgöngunefnd Húnabyggðar - 32**

*Lagt fram til kynningar*

## **5. Kosningar í nefndir og ráð**

2309003

Kosningar í stjórn Húnaborgar hses.

*Kosning í stjórn Húnaborgar hses. Forseti sveitarstjórnar kom með efirfarandi tillögu: Aðalmenn: Zophonías Ari Lárusson, Auðunn Steinn Sigurðsson og Berglind Hlín Baldursdóttir. Varamenn: Grímur Rúnar Lárusson, Guðmundur Haukur Jakobsson og Elín Aradóttir.*

*Samþykkt samhljóða.*

**Fundi slitið - kl. 17:28.**